


GRUNNMYND JARÐHÆÐAR 1:100

FLATARMÁL BRÚTTÓ=1.724,8m2
RÚMMÁL BRÚTTÓ=10.455,8m3

## BYGGINGARLÝSING

### ÚTVEGGIR

Útveggir eru steinsteyptir, einangraðir að utan með 100 mm þykkri steinullareinangrun. Utan á einangrun kemur báruð, loftuð álklæðning. Útveggir frystiklefa eru steinsteyptir, óeinangraðir en klæddir að utan með samskonar klæðningu og lýst er hér að ofan.

### ÞAK

Yfir fiskvinnslu og frystiklefa eru létt þök með límtrésbitum með u.þ.b. 5m millibili. Milli límtrésbita koma ásar 50x225. Milli ása er einangrað með 200mm steinull en yfir frystiklefa er þó engin einangrun. Að ofan eru þökin klædd með rakaþolnum krossvið og ásoðnum pappa úr T flokki. Þak yfir starfsmannarýmum er steypt með hallandi yfirborði að niðurföllum. Ofan á steypta þakplötu eru eldsoðin 2 lög af þakpappa. Ofan á pappa er einangrað með 200mm þykkri óvatnsdrægri einangrun. Ofan á einangrun er jarðvegsdúkur og 100 mm lag af möl.

### FRYSTIKLEFI

Innan í skelina sem steyptir veggir og létt þak mynda kemur frystiklefi úr einingum sem byggður er upp með hefðbundnum hætti.

### GLUGGAR

Gluggar eru úr tré með úthlið úr lituðu áli. Gler er tvöfalt K-gler.

### INNVEGGIR

Innveggir eru úr stálgrindum sem klæddar eru með stáli í fiskvinnslu, en einangraðir með 50mm steinull og klæddir með gipsi í starfsmannarýmum.

Allar klæðningar í húsinu skulu vera í flokki 1.

### EINANGRUNARGILDI

U-gildi byggingarhluta verða a.m.k. eftirfarandi ($W/m^2K$)
Þök 0,2 / Útveggir 0,4 / Gólf á fyllingu 0,3 / Gluggar 2,0.

### BRUNAVARNIR

Byggingin skiptist í 3 brunahólf. Neyðar- og útlýsing verður í byggingunni. 5 brunaslöngur eru í byggingunni. Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður sett upp í samræmi við grein 111.20 í byggingareglugerð. Reykútloftunarlúga af viðurkenndri gerð er í húsinu í samræmi við grein 111.21 í byggingareglugerð. Allar hurðir á flóttaleiðum verða auðopnanlegar og lokast sjálfkrafa. Þakpappi skal vera eldhindrandi í flokki T sbr. grein 151 í byggingareglugerð.

### LOFTRÆSING

Öll gluggalaus rými skulu vera með vélrænni loftræsingu.

### STÆRÐIR

Flatarmál brúttó = 1.724,8m²
Rúmmál brúttó = 10.455,8 m³

## SKÝRINGAR

Sótt er um leyfi til að færa húsið um 590mm til norðvesturs frá lóðarmörkum að Hvaleyrarbraut 18-22.
Skorið er af horni við herbergi framkvæmdastjóra til að húsið haldist innan byggingarreits.

Samþykkt þann
29 DES. 2006
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

| Útg. | Dags. | Skýring | Hannað/Yfirfarið |
|---|---|---|---|
| C | 21.12.06 | Málsetningar lagfærðar | JJR/BG |
| B | 21.11.06 | Skýringum bætt við | JJR/BG |
| A | 08.11.06 | Hús fært um 0.59 m og lögun húss lagfærð | JJR/BG |

VSB
VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUN 20 · 220 HAFNARFJÖRÐUR · KENNIT. 710796-2899
vsb@vsb.is · Sími 585 8600 · Fax 585 8610 · www.vsb.is

Áritun sérhönnuðar
Björn Gústafsson Kt: 180550 4889

Verkheiti
LÓNSBRAUT 1
HAFNARFIRÐI

Verkhluti
Aðalteikning

Grunnmynd jarðhæðar

| Hannað | Teiknað | Yfirfarið | Kvarði | Síða |
|---|---|---|---|---|
| BG | ERJ | | 1:100 / A1 | - |

| Dags. | Verkefni | Teikning | Útgáfa |
|---|---|---|---|
| 25.07.2006 | 06762 | A02 | C |